

## Fundargerð

### Íþróttá- og tómstundanevnd - 255. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,  
27. september 2017 og hófst hann kl. 08:00.

#### Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður  
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður  
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi  
Ægir Örn Sigurgeirsson varamaður

**Fundargerð ritaði:** Geir Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi.

Birta Guðný Árnadóttir sat fundinn fyrir hönd UMH

#### Dagskrá:

##### 1. 1705068 - Gjafir og viðurkenningar, verklagsreglur

Lögð fram drög að slíkum reglum til kynningar.

##### 2. 1612327 - Þjónustusamningur við ÍBH

Lögð fram til kynningar drög að samningi við ÍBH en í ár hækkar stuðningur Hafnarfjarðarbæjar um eina milljón.

##### 4. 1709448 - Þjónustu- og rekstrarsamningur við Brettafélag Hafnarfjarðar

Vinna er hafinn við að gera þjónustusamning við Brettafélagið þar sem það er að breytast í íþróttafélag. Sá samningur verður sambærilegur samningi við önnur íþróttafélög.

Einnig þarf að gera rekstrarsamning við félagið varðandi húsnæði þess.

*Brettafélagið er hvatt til að halda áfram þessari vinnu.*

##### 5. 1606222 - Brettafélagið, húsnæðismál og framtíðarsýn

Auglýst var í sumar eftir varanlegu húsnæði fyrir Brettafélagið.

*Hafnarfjarðarbæ barst ekkert formlegt boð um húsnæði í kjölfarið.*

##### 6. 1704173 - Golfklúbburinn Keilir, framkvæmdir, viðræður

Lögð fram kynning frá Golfklúbbum Keili varðandi uppbyggingu á næstu árum. Hafnarfjarðarbær og Keilir hafa staðið saman að uppbyggingu og endurgerð nýrra brauta þar sem Keilir kostar 20% en Hafnarfjarðarbær 80%. Núna um áramót rennur út samingur milli þessara aðila um uppbyggingu þriggja brauta.

Keilir óskar eftir að nýtt sambærilegt samkomulag verði gert um næsta áfanga vallarins.

*Vísað til Umhverfis- og framkvæmdasviðs*

**7. 1709657 - Íþróttavika Evrópu, European Week of Sport**

Erindið barst afar seint og ekki hægt að bregðast við. En skólar og aðrir aðilar hvattir til að taka þátt.

**8. 1709700 - Íþróttá- og viðurkenningarhátíð 2017**

Hátíðin verður þann 27. desember í Íþróttahúsinu Strandgötu.

Fulltrúa ÍBH falið að hefðbundnum undirbúningi og starfa í undirbúningsnefnd með íþróttafulltrúa og fagstjóra frístundastarfs.

**9. 1601218 - Opnunartími sundlauga**

Lögð fram gögn frá forstöðumanni sundlauga, Aðalsteini Hrafnkellsyni varðandi tillögu um lengda opnun sundlauga.

*Aðalsteini er þakkað fyrir tillögurnar.*

*Tillögur um leið eitt og tvö auk fastrar opunar á rauðum dögum eru leiðir sem hugnast nefndinni best. Einnig þarf að festa í sessi lengri sumaropnun á sunnudögum.*

*Tillögurnar vinnast áfram í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og er vísað til fræðsluráðs.*

**3. 1709447 - Vímuefnaneysla ungmenna í Hafnarfirði í alþjóðlegum samanburði**

Lögð fram til kynningar skýrsla um vímuefnaneyslu unglunga.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.**

**Karólína Helga Símonardóttir**  
(n)  
**Elísabet Ólafsdóttir (sign)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir**  
(sign)  
**Ægir Örn Sigurgeirsson (sign)**